

AUGLÝSING um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Haukadalur, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 5. apríl 2023 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Haukadal frá 19. febrúar 2009 þar sem byggingarmagn innan lóða verður aukið.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Gaddstaðir, óveruleg breyting á gildandi deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti 5. apríl 2023 tillögu að óverulegri breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Gaddstaði frá 23. apríl 2021 þar sem lóðum 20, 21 og 22 og byggingarreitum innan þeirra er breytt.

Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 11. apríl 2023.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 26. apríl 2023